

## Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks bs. (BsVest),

haldinn 22. október kl. 09:00 í fundarsal Vestrahússins, Árnagötu 2-4

Formaður stjórnar BsVest setur fundinn og býður fundarmenn velkomna og tilnefnir Sigríði Kristjánsdóttur, sem fundarstjóra og leitar eftir samþykki fundarmanna.

Sigríður tekur við stjórn fundarins og tilnefnir Jóhönnu Ösp Einarsdóttur sem fundarritara og leitar eftir samþykki fundarmanna. Sigríður athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru varðandi boðun fundar og fundargögn og engar bárust.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá skv. 11. gr. samþykta byggðasamlagsins:

1. Árskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Laun og þóknun stjórnar.
4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
5. Starfsáætlun komandi árs.
6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykta BsVest
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins
9. Önnur mál.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að taka saman lið 1 og 2 og var það samþykkt samhljóða. Lagt var til að 8. liður í fundarboði um breytingar á samþykktum verði tekinn áður en kosið er í stjórn, sem var samþykkt. Atkvæði fundarins skiptast á eftirfarandi hátt.

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Atkvæði	Nafn fulltrúa
Reykhlólahreppur	233	2	Jóhanna Ösp Einarsdóttir Árný Huld Haraldsdóttir
Vesturbyggð	1.131	4	Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, Friðbjörn Steinar Ottósson
Tálknafjarðarhreppur	255	2	Lilja Magnúsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	956	3	Jón Páll Hreinsson
Ísafjarðarbær	3.840	6	Arna Lára Jónsdóttir Nanný Arna Guðmundsdóttir Kristján Þór Kristjánsson
Súðavíkurhreppur	215	2	Bragi Þór Thoroddsen
Árneshreppur	42	1	Enginn fulltrúi mættur
Kaldrananeshreppur	109	1	Finnur Ólafsson
Strandabyggð	424	2	Þorgeir Pálsson Hlíf Hrólfsdóttir

Auk fulltrúa aðildarsveitarfélaga og fundarstjóra sátu fundinn þau Jón Hrói Finnsson, starfandi framkvæmdastjóri og Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri (í leyfi).

1. Árskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.

Jón Hrói Finnsson starfandi framkvæmdastjóri BsVest fór yfir það að ekki hefði tekist að vinna ársskýrslu ársins 2021. Jafnframt fór Jón Hrói yfir helstu verkefni sem eru í vinnslu hjá BsVest (sjá fylgiskjal 1 með fundargerð; „Skýrsla framkvæmdarstjóra“).

Til máls tóku: Arna Lára, Jón Hrói, Ólafur Þór og Jóhanna Ösp.

## 2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.

Starfandi framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning ársins 2021 og skýrslu endurskoðanda.

Til máls tóku: Arna Lára, Jón Hrói, Sif Huld, Kristján Kristjánsson og Lilja Magnúsdóttir.

Fundarstjóri ber upp ársskýrslu stjórnar sem er samþykkt samhljóða og síðan er ársreikningur 2021 borinn upp til samþykktar og er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

## 3. Laun og þóknun stjórnar.

Starfandi framkvæmdastjóri fór lagði fram tillögu að launum og þóknun til stjórnar. Lagt er til að viðmið um laun verði óbreytt, með tengingu við þingfararkaup þannig að:

- Laun stjórnar taki mið af þingafarakaupi sem er kr. 1.345.582 (4,7% hækkun).
- Laun formanns BsVest verði 6% af kr. 1.345.582 = kr. 80.735 fyrir hvern setinn fund.
- Laun kjörinna fulltrúa og varamanna verði 3% af kr. 1.345.825 = kr. 40.367 fyrir hvern setinn fund.
- Ef stjórnarmaður er framkvæmdarstjóri sveitarfélags eru ekki greidd laun fyrir stjórnarsetu.
- Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni.
- Sæki stjórnarmaður fund utan síns atvinnuvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispening fyrir hvern dag. Gisting skal að jafnaði greidd af BsVest.

Tillaga borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

Starfandi framkvæmdastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun ársins 2022.

*Afgreiðslu frestað til framhaldsársfundar í haust.*

## 5. Starfsáætlun komandi árs.

Starfandi framkvæmdastjóri fór yfir starfsáætlun komandi starfsárs.

Til máls tóku: Ólafur Þór, Kristján Kristjánsson, Arna Lára, Ingibjörg Birna, Sif Huld, Hlíf Hrólfsdóttir, Jón Hrói, Þorgeir Pálsson, Jón Páll Hreinsson, Árný Huld Haraldsdóttir.

## 6. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins

Starfandi framkvæmdastjóri lagði kynnti tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum BsVest, sem síðan voru bornar undir atkvæði.

1. Við 1. mgr. 5. gr. um kjör stjórnar bætist „*Hið sama skal gilda um varamenn*“ og greinarskil.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Í stað setningarinnar „Kosning til stjórnar fer fram á aðalfundi byggðasamlagsins“ komi „Skipun stjórnar skal staðfest á aðalfundi byggðasamlagsins“.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Að við 5. grein bætist eftirfarandi málsgrein: „Verði breytingar á högum stjórnarmanns eða varamanns, þannig að hann lætur af störfum sínum fyrir það sveitarfélag sem hann starfar fyrir eða missir kjörgengi sitt í sveitarfélaginu, skal það félagsþjónustusvæði sem hann er fulltrúi fyrir skipa nýjan fulltrúa í hans stað og upplýsa sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga BsVest um breytinguna“.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Að á undan fyrstu málsgrein 6. greinar komi eftirfarandi málsgrein um boðun stjórnarfunda: „Til stjórnarfunda skal boðað með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara með dagskrá. Sé aðalfulltrúi forfallaður skal varafulltrúi skipaður af sama aðila boðaður til fundarins í hans stað“.

Fram kom tillaga um breytingu á tillögunni varðandi boðun varamanna:

„Til stjórnarfunda skal boðað með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara með dagskrá. Sé aðalfulltrúi forfallaður skal hann boða varafulltrúa skipaðan af sama aðila til fundarins í sinn stað“.

Breytingartillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

5. Að í stað „fjögurra vikna fyrirvara“ í 2. mgr. 10. greinar komi „15 daga fyrirvara“.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Að setningarhlutinn „...og gerir tillögu að skipan stjórnar“ í lok 2. mgr. 11. gr. falli út og að eftir standi „Kjörnefndin sker úr um kjörgengi fulltrúa er sitja fundinn, í samræmi við 9. gr. samþykktar þessarar“.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: Arna Lára Jónsdóttir og Kristján Kristjánsson.

## **7. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykktar BsVest**

Fundurinn leggur fram eftirfarandi tillögu að stjórn:

### Aðalmenn:

Arna Lára Jónsdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Þorgeir Pálsson

Jón Páll Hreinsson

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, fulltrúi Fjórðungssambandsins heldur sínu sæti þangað til að nýr hefur verið skipaður.

### Varamenn:

Ingibjörg Birna.

Gylfi Ólafsson.

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir.

Svanhvít Skjaldardóttir.

Lilja Magnúsdóttir, varafulltrúi Fjórðungssambandsins heldur sínu sæti þangað til að nýr hefur verið skipaður.

Samþykkt að Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vesturbyggð skipi sinn fulltrúa á fjórðungspingi.

Tillaga um skipan stjórnar borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Til máls tóku, Jón Páll, Arna Lára, Ólafur Þór, Jón Hrói, Bragi Þór,.

#### **8. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.**

Lagt er til að Endurskoðun Vestfjarða verði áfram endurskoðendur BsVest.

Samþykkt samhljóða.

#### **9. Önnur mál.**

Ólafur Þór leggur fram tillögu að bókun:

„Aðalfundur Byggðarsamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn á Ísafirði 5. júlí 2022 lýsir yfir þungum áhyggjum á boðaðri skerðingu á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þjónustu viðfatlað fólk á Vestfjörðum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins munu framlög til svæðisins skerðast um kr. 80.000.000 á milli áætlana og ljóst að slíkt tekjufall leggst þungt á rekstur á vegum byggðasamlagsins og fyrirsjáanlegt að slík skerðing hafi áhrif á þjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélög á Vestfjörðum eru illa í stakk búin til að greiða þann halla og þessi niðurstaða mun hafaneikvæð áhrif á aðra þjónustu til íbúa og skerða þannig samkeppnishæfni samfélaganna. Er ljóst að þessi breyting kemur til án tíma til aðlögunar. Fundurinn kallar eftir auknu upplýsingaflæði og samráði við Jöfnunarsjóð hvað framlög sjóðsins varðar. Hér er um að ræða skýra birtingarmynd á vanfjármögnun ríkisins til málaflokksins og skoraraaðalfundurinn á stjórnvöld að auka framlög til þjónustu við fatlað fólk“

Til máls tóku: Árný Huld, Ólafur Þór, Sif Huld, Jón Hrói, Bragi Þór, Arna Lára, Jón Páll.

Samþykkt samhljóða.

Fundarritara og starfandi framkvæmdastjóra var falið að ganga frá fundargerð aðalfundar.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 13:00

## Fylgiskjal 1

### Skýrsla framkvæmdastjóra

Aðalfundur síðasta árs var haldinn 22. október sl. Samkvæmt samþykktum Byggðasamlagsins hefði átt að boða til aðalfundar ársins 2022 fyrir lok maímánaðar og, í ljósi þess að um kosningaár er að ræða, hefði á að boða til aukaaðalfundar fyrir lok septembermánaðar þar sem fram myndi fara stjórnarkjör.

Þar sem aðalfundur hefur ekki verið haldinn fyrr en nú og til að styrkja umboð stjórnar, fer fram stjórnarkjör að þessu sinni en Fjórðungssamband Vestfjarða mun skipa sinn fulltrúa í september.

Í stjórn Byggðasamlagsins á síðastliðnu starfsári voru:

- Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar – stjórnarformaður
- Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
- Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps
- Jóhanna Ösp Einaradóttir, fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfjarða
- Ingibjörg Birna Erlingsadóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps

Varamenn í stjórn:

- Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps
- Rebekka Hilmarsadóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar
- Baldur Smári Einarsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar
- Eva Sigurbjörnsadóttir, oddviti Árneshrepps
- Lilja Magnúsdóttir, fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfjarða

Staða BsVest er afar óvenjuleg. Sif Huld Albertsadóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins hefur verið mikið frá á síðastliðnum misserum vegna veikinda, sem eins og gefur að skilja hefur mikil áhrif á eins manns starfsemi. Hún hefur hins vegar sinnt brýnustu verkefnum þrátt fyrir veikindi sín og m.a. séð til þess að greiðslur berist til félagsþjónustusvæðanna á réttum tíma.

Ýmis verkefni hafa þó setið á hakanum, svo sem gerð fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi ár, bókhald og innleiðing skjalakerfis, sem sett voru markmið um í starfsáætlun starfsársins 2021-2022.

Formaður stjórnar byggðasamlagsins, Jón Páll Hreinsson, tók um tíma að sér að sinna hlutverki framkvæmdastjóra samhliða störfum sínum sem sveitarstjóri en óskaði í kjölfarið eftir leyfi frá stjórnarstörfum.

Við stjórnarformenskunni tók Ingibjörg Birna Erlingsadóttir, sem hefur leitt stjórnina frá því í mars. Baldur Smári Einarsson, varamaður tók sæti Jóns Páls í stjórninni. Eftir kosningar í maí varð ljóst að Birgir Gunnarsson myndi ekki starfa áfram sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og baðst hann undan frekar þátttöku í stjórnarstörfum.

Í júní var afráðið að leita utanaðkomandi aðstoðar við reksturinn og samið við Jón Hróa Finnsson um að taka að mér hlutverk framkvæmdastjóra tímabundið í verktöku. Áhersla var lögð á það í upphafi að klára þyrfti að ganga frá ársreikningi og fjárhagsáætlun og kalla til aðalfundar.

Ársreikningurinn liggur nú fyrir til samþykktar en nokkurt bakslag kom í vinnuna við fjárhagsáætlun þegar Jöfnunarsjóður sveitarfélaga birti 2. áætlun sína um framlög, en þar er gert ráð fyrir að framlög verði um 80 m.kr. lægri en áður var áætlað og um 34 m.kr. lægri en þau voru á síðasta ári. Sumarleyfi fulltrúa í verkefnahópi hafa einnig komið í veg fyrir að hægt væri að kalla hópinn saman til að fjalla um áætlunina.

## Fylgiskjal 1

Það vantar lítið upp á að hægt sé að klára áætlunina og ég reikna með að hún verði lögð fyrir nýja stjórn á fyrsta eða öðrum fundi hennar. Það kann þó svo að fara að fljótlega þurfi að fjalla um viðauka við fjárhagsáætlun ef umsókn sem bíður fundar í verkefnishópnum verður samþykkt.

Eins og fram hefur komið er áætlað að framlög muni lækka um 34 m.kr. frá árinu 2021. Þar munar mestu um einstaklinga sem eru fluttir af starfssvæði BsVest en voru með há framlög í fyrstu áætlun JS, eða um 31 m.kr. að meðaltali.

Tekjufallið skapar óvissu um það hvort hægt verður að mæta umsóknum um nýja eða aukna þjónustu sem byggðasamlagið hefur til afgreiðslu, og tafir á því að fjárhagsáætlun sé kláruð valda einnig töfum á undirbúningsvinnunni, þar sem heimildir til innkaupa eru strangt til tekið ekki fyrir hendi.

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að flytja skammtíamavistun frá Ísafirði á Reykhóla. Íbúð hefur verið endurbætt og er því sem næst tilbúin til notkunar. Reiknað er með að þjónustan hefjist í ágústmánuði.

Unnið hefur verið í því að auka bæta upplýsingarnar á heimasíðu BsVest, BsVest.is. Þar eru nú komnar upplýsingar um skiptingu þjónustusvæða, fulltrúa í verkefnishópi og fulltrúa og varafulltrúa í stjórn, vísun í samþykktir o.fl. Gert er ráð fyrir að leiðbeiningum um umsóknir og upplýsingum um þjónustu sem í boði er og upplýsingum um lög og reglugerðir sem byggðasamlagið starfar eftir verði bætt á síðuna áður en langt um líður.

Sett hefur verið upp rafrænt skjalavistunarkerfi fyrir Byggðasamlagið, MálaSaga, en innleiðing er á byrjunarstigi.

Vinna var einnig hafin við að færa áætlanir BsVest í ætlunarlíkan frá KPMG og stilla þær af við áætlanir sveitarfélaganna vegna nýrra reikningsskilalaga. Þeirri vinnu verður fram haldið þegar forsendur fjárhagsáætlunarinnar yfirstandandi árs liggja endanlega fyrir.

Ég reikna svo með að halda þurfi aukaaðalfund síðar á árinu þar sem skipaður yrði nýr fulltrúi fyrir Fjórðungssambandið í stjórn og fjárhagsáætlun tekin fyrir. Þá verður reyndar væntanlega einnig tímabært að fjalla um fjárhagsáætlun næsta árs.

Við gerum okkur vonir um að Sif Huld snúi aftur til starfa á næstu vikum og að lífið fari aftur að ganga sinn vanagang í BsVest. Ég mun væntanlega verða henni innan handar við endurkomuna og aðstoða við umbótaverkefni eftir þörfum.

# Undirritunarsíða

Starfandi framkvæmdastjóri  
Jón Hrói Finnsson

Fundarritari  
Jóhanna Ösp Einarsdóttir